

10. fundur hafnarstjórnar Langanesbyggðar haldinn 10. janúar 2013 á skrifstofu Langanesbyggðar kl. 12.00.

Mættir: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri (hafnarstjóri) og Sigríður Jóhannesdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundi og spurði hvort athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Dýpkun á höfninni á Þórshöfn 2013-14

Fundarmenn fóru yfir drög af dýpkunarsvæði fyrir höfnina á Þórshöfn unnar af Siglingarstofnun alls 16.000 m² og er heildar flötur dýpkunarsvæðis teiknaður í samræmi við samgönguáætlun.

Farið var yfir dýptarmælingar og farið yfir það hvort rétt væri að breikka fleyginum við innsiglinguna. Rökin fyrir því að breikka fleyginn er að mikill órói er við hafnargarðsendann í norðanátt.

Drög siglingarmálastofnunnar samþykkt að öllu leyti nema að gera breikkun á fleygnum og nýta síðan restina að fjármagninu til að dýpka inni í höfninni.

Fundargerðin upplesin og samþykkt, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:23